

LV
LANDSVAKI

# Ársskýrsla 2010

# Efnisyfirlit

Stofnun og eignarhald .... 4
Stjórn .... 4
Starfsmenn .... 4
Stjórnarhættir .... 5
Stýring og eftirlit með áhættu .... 5
Lykiltölur úr rekstri .... 5
Sjóðir .... 6
Fagfjárfestasjóðir .... 7
Dómsmál Landsvaka .... 8
Flutningur sjóða yfir í nýtt rekstrarfélag .... 9
Ársreikningur 2010 .... 11
Viðauki - Verðbréfa,-og fjárfestingarsjóðir .... 45

# Stofnun og eignarhald

Landsvaki hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem annast rekstur verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða. Félagið starfar sem rekstrarfélag samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og er undir eftirliti þess.

Landsvaki hf. var stofnað árið 1994 sem dótturfélag Landsbréfa hf., sem fékkst við eignastýringu og verðbréfaviðskipti einstaklinga. Landsbréf sameinuðust Landsbanka Íslands hf. (gamla Landsbankanum) árið 2001 og þar með varð Landsvaki dótturfélag bankans. Haustið 2008 tók NBI hf. (Landsbankinn) yfir stóran hluta af starfsemi Landsbanka Íslands hf. og er Landsvaki nú í eigu NBI hf og dótturfélags hans.

# Stjórn

Stjórn Landsvaka hf. er að meirihluta skipuð fulltrúum sem eru óháðir NBI hf. Einungis einn stjórnarmaður og einn varamaður stjórnar eru starfsmenn NBI hf. Í stjórn Landsvaka hf. sátu eftirtaldir í árslok 2010:

Helga Melkorka Óttarsdóttir, lögfræðingur, stjórnarformaður

Kristinn Ingi Lárusson, viðskiptafræðingur

Guðlaug B. Ólafsdóttir, lögfræðingur, starfsmaður NBI hf.

Varamenn:

Heiður Agnes Björnsdóttir, viðskiptafræðingur

Ásta Hrönn Maack, viðskiptafræðingur

Fjóla Þ. Hreinsdóttir, viðskiptafræðingur, starfsmaður NBI hf.

# Starfsmenn

Ari Skúlason, framkvæmdastjóri

Guðrún Ólöf Jónsdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra

Egill Darri Brynjólfsson, staðgengill framkvæmdastjóra

Fjóla Jónsdóttir, innra eftirlit

Björn Ágúst Björnsson, sjóðstjóri

Fabio Chino Quaradeghini, sjóðstjóri

Guðrún Una Valsdóttir, sjóðstjóri

Ingvar Karlsson, sjóðstjóri

Rósa Björgvinsdóttir, sjóðstjóri

# Stjórnarhættir

Landsvaki hf. leggur mikla áherslu á reglufestu, gagnsæi og heiðarleika í starfsemi sinni. Einkum gagnvart viðskiptavinum en einnig gagnvart öllum öðrum hagsmunaaðilum svo sem eigendum, starfsmönnum og eftirlitsaðilum.

Stjórn og starfsmenn félagsins leggja mikið upp úr trausti og trúverðugleika gagnvart viðskiptavinum og að hagsmuna þeirra sé vel gætt. Meirihluti stjórnarmanna er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og stjórnarmenn eru jafnframt óháðir stórum hluthöfum félagsins. Með þessu tryggir félagið að stjórnin sinni fremur heildarhagsmunum en hagsmunum tiltekinna hluthafa.

Stjórn Landsvaka starfar eftir starfsreglum stjórnar félagsins og fer hún með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda. Í starfsreglum stjórnar er að finna upplýsingar um verkefni stjórnar sem og upplýsingar um það hvenær stjórnarmaður telst vanhæfur.

Virkt eftirlit er með rekstri félagsins og daglegum stjórnendum þess. Innra eftirlit veitir hæfilega vissu um að félagið nái markmiðum sínum varðandi árangur og skilvirkni í starfsemi, áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að félagið hlíti lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Ársreikningur Landsvaka er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Landsvaki hf. fylgir lögum og reglum í hvívetna og vinnur einnig samkvæmt leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem Viðskiptaráð, Kauphöllin og Samtök atvinnulífsins hafa samið og gefið út.

Landsvaki útvistar ýmsu sem snýr að stjórnarháttum til móðurfélagsins NBI hf. Þar má nefna regluvörslu og innri endurskoðun.

# Stýring og eftirlit með áhættu

Eftirlit með áhættu í rekstri Landsvaka er margþætt. Reglulega er fylgst með eignastöðu þeirra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem félagið rekur og að þeir séu innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga. Markaðsáhætta er metin reglulega með útreikningum á áhættumælikvörðum og sjóðstjórar fylgjast sjálfir með og stýra markaðsáhættu sjóða. Rekstraráhætta er til staðar í allri starfsemi Landsvaka og er hún metin reglulega og stýrt til að lágmarka fjárhagslegt tjón vegna ófullnægjandi eða gallaðra verkferla eða kerfa, mistaka starfsfólks eða vegna utanaðkomandi atvika.

Reglulega eru skýrslur unnar og þeim skilað til Fjármálaeftirlits og Seðlabanka í samræmi við lög og reglur um fjármálafyrirtæki.

# Lykiltölur úr rekstri

Rekstur Landsvaka skilaði 17,4 milljóna króna tapi fyrir skatta á árinu 2010. Var það viðsnúningur úr 13,7 milljóna króna hagnaði frá árinu áður. Helstu ástæður þessa viðsnúnings voru lægri tekjur vegna minnkandi sjóða sem og mjög há fjármagnsgjöld á árinu 2010 sem skýrast af gengistapi af gjaldeyriseignum þar sem krónan styrktist töluvert gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu 2010. Þrátt fyrir tap og lægri tekjur einkenndist árið 2010 af uppbyggingu og styrkingu. Í lok árs 2009 voru eignir í sjóðum Landsvaka rúmir 43 milljarðar króna en hækkuðu í rúma 53 milljarða króna í lok árs 2010. Er það hækkun um 23%. Þetta segir ekki alla söguna því nokkrir sjóða Landsvaka eru í slitaferli og greiddu út töluverðar fjárhæðir á árinu 2010. Þeir sjóðir sem eru í áframhaldandi rekstri

og nýir sjóðir voru því að stækka að meðaltali töluvert meira en 23% og má nefna sérstaklega ríkisskuldabréfasjóði sem stækkuðu um 134% og innlenda hlutabréfasjóðinn Úrvalsbréf sem stækkaði um 148%.

Hvað tekjur félagsins varðar þá voru þær 463 milljónir króna á árinu og jukust mánaðarlegar tekjur stöðugt frá lægsta gildi í byrjun ársins. Helstu gjaldaliðir félagsins eru laun og greiðsla til NBI hf. vegna útvistunarsamnings. Báðir þessir liðir lækkuðu töluvert milli ára vegna minni umsvifa.

Efnahagsreikningur félagsins helmingaðist á árinu, þ.e. heildareignir fóru úr rúmum 1200 milljónum króna í rúmlega 600 milljónir króna. Ástæða þess er einkum uppgreiðsla á skuld við tengd félög. Til þess var notað handbært fé sem til var í félaginu og eins lækkuðu kröfur á sjóði. Handbært fé er þó enn töluvert í félaginu eða um 326 milljónir króna. Eigið fé félagsins er 310 milljónir króna og eiginfjárhlutfall (CAD) er 83% en má að lágmarki vera 8%. Efnahagsreikningur félagsins er því traustur og félagið skuldar engin vaxtaberandi lán.

# Sjóðir

Landsvaki annast rekstur á þrenns konar sjóðum: Verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestasjóðum. Í lok desember 2010 voru tuttugu og einn sjóður í rekstri félagsins og nam hrein eign þeirra 53.628 milljónum króna. Í árslok voru hlutdeildarskírteinishafar í sjóðum Landsvaka rúmlega átta þúsund.

Í fjárfestingarráðum sjóða sitja sjóðsstjórar auk framkvæmdastjóra Landsvaka og staðgengils framkvæmdastjóra. Í fjárfestingarráði eru teknar ákvarðanir um hvar innan sinna heimilda sjóðirnir staðsetja sig. Í ráðinu fer einnig fram verðmat á óskráðum eignum. Sjóðstjórar framfylgja ákvörðunum fjárfestingaráðs og fjárfesta fyrir innstreymi fjár og selja fyrir innlausnum.

Verðbréfasjóðir í virkri stýringu Landsvaka eru nú ellefu og skiptast þeir í skuldabréfasjóði, ríkisskuldabréfasjóði og hlutabréfasjóði.

Einn fjárfestingarsjóður og þrír fagfjárfestasjóðir eru einnig í virkri stýringu hjá félaginu.

Nánar er fjallað um verðbréfa,-og fjárfestingarsjóði í viðauka.

# Sjóðir í slitaferli

Í lok árs voru fjórir sjóðir í slitaferli og tveimur sjóðum var slitið á árinu.

Fjárfestingarsjóðurinn Fyrirtækjabréf Landsbankans hefur verið lokaður frá október 2008 og í slitameðferð frá því í janúar 2009. Fimm útgreiðslur hafa verið úr sjóðnum til sjóðsfélaga og mun næsta útgreiðsla fara fram í nóvember 2011.

Verðbréfasjóðnum Safnbréf varfærin var formlega slitið í lok nóvember 2010 þegar síðustu eignir sjóðsins voru seldar og sjóðfélögum greitt út í samræmi við eignarhlut hvers og eins. Sjóðurinn hafði verið í slitaferli síðan í ágúst 2009.

Fjárfestingarsjóðnum Landsbanki Diversified Yield Fund var formlega slitið í lok apríl þegar frystingu á innstæðu í banka erlendis var aflétt og var sjóðfélögum greitt út í samræmi við eignarhlut hvers og eins.

Fagfjárfestasjóðirnir Landsbanki Currency Fund, Landsbanki Absolute Return Strategies og Landsbanki Structured Finance III eru allir í slitaferli.

# Fagfjárfestasjóðir

Í rekstri eru þrír fagfjárfestasjóðir. Framtakssjóðurinn Landsbanki Private Equity Fund II (LPE II) er rekinn í samstarfi við bresk-hollenska eignastýringarfyrirtækið F&C (Foreign and Colonial), sem er með stærri eignastýringarhúsum í Evrópu. Þessi sjóður er kominn vel á veg í þróun og er nú þegar farið að huga að því að safna í annan sams konar sjóð, LPE III. Fasteignasjóðurinn Landsbanki Real Estate Fund (LAREF) er einnig í rekstri og er kominn á seinni hluta líftímans. Hugmyndir eru uppi um að stofna nýjan sjóð með álíka sniði. Þá er Boreas Capital Fund einnig í rekstri en þess er að vænta að einhverjar breytingar verði á umhverfi og starfsemi hans.

Landsvaki rak á sínum tíma marga fagfjárfestasjóði, en eins og svo mörg önnur starfsemi fóru sjóðir af þessu tagi almennt illa út úr hruninu. Um síðustu áramót voru þrír fagfjárfestasjóðir í rekstri hjá félaginu, þrír voru í slitaferli og tveir í frystingu hjá Landsbanka Íslands hf (gamla Landsbankanum).

Landsbanki Currency Fund, Landsbanki Absolute Return Strategies og Landsbanki Structured Finance III eru allir í slitaferli og mun taka talsverðan tíma að vinda ofan af þeim. Sjóðirnir Landsbanki Mezzanine Fund I og II hafa báðir verið í frystingu hjá gamla Landsbankanum allt frá hruni hans. Deila er uppi um eignarhald á sjóðunum milli Landsvaka og fjárfesta annarsvegar og gamla Landsbankans hins vegar. Sú deila er nú fyrir héraðsdómi.

Starfsemi fagfjárfestasjóða Landsvaka er því á nokkrum tímamótum. Tímabil mikilla erfiðleika er á enda og nú er farið að huga að því að stofna nýja sjóði til framtíðar.

# Rekstrarumhverfi sjóða

Undanfarin tvö ár hefur Landsvaki lagt áherslu á að auka framboð ríkisskuldabréfasjóða til að mæta þörfum markaðarins. Í dag eru sex hreinir ríkisskuldabréfasjóðir í boði fyrir viðskiptavini Landsvaka. Þar af eru tveir sem voru stofnaðir árið 2009 og tveir sem voru stofnaðir á árinu 2010.

Sjóðirnir Reiðubréf ríkistryggð og Sparibréf stutt voru stofnaðir árið 2009. Tilgangurinn með stofnun sjóðanna var að geta boðið upp á ríkisskuldabréfasjóði sem endurspegla peningamarkaðsávöxtun og ávöxtun stuttra ríkisskuldabréfa. Fyrir voru í rekstri hjá Landsvaka Sparibréf meðallöng og Sparibréf löng. Þessir fjórir verðbréfasjóðir hafa heimild til að kaupa hvoru tveggja verðtryggð og óverðtryggð skuldabréf. Framboð verðtryggðra ríkisskuldabréfa eykst hlutfallslega þegar horft er á lengri líftíma ríkisskuldabréfa.

Sparibréf verðtryggð og Sparibréf óverðtryggð eru sjóðir sem stofnaðir voru 2010. Tilgangurinn með stofnun þeirra var að geta boðið upp á hreina verðtryggða og óverðtryggða sjóði. Þeir hafa ekki fyrirfram ákveðinn líftíma en eru almennt frekar langir og vaxtaáhætta því töluverð í sjóðunum. Sjóðunum var vel tekið af viðskiptavinum Landsvaka.

Ekki er talin þörf á að stofna fleiri hreina ríkisskuldabréfasjóði. Samkvæmt frumvarpi til laga um verðbréfa,- og fjárfestingarsjóði mun verða lögfest hvaða sjóði má kalla peningamarkaðssjóði. Starfsfólk Landsvaka mun meta þörfina á slíkum sjóð hjá sínum viðskiptavinum og líklegt er talið að ráðist verði í stofnun peningamarkaðssjóðs á árinu 2011. Einnig er líklegt að á árinu verði stofnaður verðbréfa,- eða fjárfestingarsjóður sem fjárfestir til dæmis í skuldabréfum á innlend fyrirtæki.

Ávöxtun á ríkisskuldabréfamarkaði reyndist góð á síðastliðnu ári. Hins vegar var órói á skuldabréfamarkaði töluverður síðastliðið haust en fram að því höfðu verðhækkanir verið linnulausar. Stýrivextir voru lækkaðir ört allt árið og verðbólga hjaðnaði hratt og því ekki óvænt að ávöxtun

skuldabréfa hafi verið með ágætum. Eins og við mátti búast, við áðurnefndar aðstæður, gáfu löng bréf betri ávöxtun en stutt bréf og óverðtryggð bréf betri ávöxtun en verðtryggð.

Skuldabréfasjóðirnir Sparibréf löng, Markaðsbréf meðallöng og Sparibréf meðallöng voru meðal þeirra bestu hvað varðar ávöxtun sjóða á árinu 2010 í samanburði við aðra sambærilega sjóði.

Ávöxtun hlutabréfa var mjög góð á árinu 2010. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um rúm 17% í evrum og Landsbanki Global Equity Fund hækkaði um tæp 21% í sömu mynt. Vegna styrkingar íslensku krónunnar á árinu 2010 er þó ávöxtun erlendra eigna töluvert lægri í innlendri mynt.

Hlutabréf skráð í innlendri kauphöll hækkuðu einnig. Vísitala kauphallarinnar hækkaði um tæp 15% á árinu en Úrvalsbréf Landsbankans hækkuðu um 27%.

# Dómsmál Landsvaka

Landsvaki hf. hefur staðið í töluverðum málaferlum vegna atburða sem gerðust í tengslum við hrun bankakerfisins á árinu 2008. Landsvaki var áður dótturfélag gamla Landsbankans og var síðar gert að dótturfélagi NBI með stjórnvaldsákvörðun. Félagið er því með beina tengingu við atburði fortíðarinnar og hefur verið stefnt vegna margra gamalla mála. Oft hefur Landsvaka verið stefnt ásamt gamla Landsbankanum. Þau mál sem hingað til hafa fengið dómsniðurstöðu tengjast öll peningamarkaðssjóðum félagsins.

Á árinu 2009 stefndu 37 aðilar félaginu vegna útgreiðslu úr fjárfestingarsjóðnum Peningabréf Landsbankans ISK. Aðallega var krafist bóta vegna lækkunar á gengi frá lokun sjóðanna til útgreiðslu. Í lok ársins 2010 höfðu dómar fallið í héraði í 34 málum af þessum 37 og var niðurstaða að mestu leyti hagfelld Landsvaka hf. hvað helstu atriði krafnanna varðar. Þó ríkir enn nokkur óvissa um endanleg málalok.

Félagið áfrýjaði þessum 34 dómum til Hæstaréttar og eftir stóðu 19 mál þar. Þann 25. nóvember 2010 vísaði Hæstiréttur þessum 19 málum frá héraðsdómi sem þýðir í raun að þessi mál eru ekki til lengur. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður sýknað Landsvaka af aðalkröfu stefnenda en dæmt að Landsvaki og gamli Landsbankinn væru skaðabótaskyldir vegna þess að verðmæti ákveðinna skuldabréfa hafi ekki verið færð niður á ákveðnum degi. Landsvaki hafði áður lýst þeirri skoðun að það væri allsendis óvíst hvert meint tjón hvers hlutdeildarskírteinishafa hefði verið, ef það hefði þá verið nokkuð. Á þeim grunni var málinu áfrýjað til Hæstaréttar.

Hæstiréttur féllst á rök Landsvaka og segir í niðurstöðu sinni m.a. að í málatilbúnaði um aðalkröfu gagnáfrýjanda sé ekki leitast við að afmarka hvert tjón hans gæti talist vegna þeirra atvika, sem hver málsástæða hans fyrir sig tekur til. Þá sé málið svo vanreifað af hendi gagnáfrýjenda að ekki sé fært að fella efnisdóm. Varðandi varakröfu gagnáfrýjenda segir dómurinn að sú krafa sé haldin slíkum annmörkum að efnisdómur verði ekki lagður á hana.

Í byrjun janúar 2010 féllu tveim dómar í viðbót í héraðsdómi um mál tengd peningamarkaðssjóðum. Landsvaki var sýknaður í öðru málinu og hinu var vísað frá. Sú frávísun var kærð til Hæstaréttar og hefur Hæstiréttur staðfest hana. Hvað varðar peningamarkaðssjóðina er um miðjan marsmánuð 2011 eitt mál eftir í héraðsdómi og einu máli, þar sem Landsvaki var sýknaður, hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Þá hefur Landsvaki hafið bótamál gegn fyrrverandi stjórnarmönnum Íslenskrar afþreyingar fyrir hönd Fyrirtækjabréfa og var það þingfest í september. Málið byggir á því að Landsvaki telur að stjórn ÍA hafi átt að gefa búið upp til gjaldþrotaskipta á þeim tíma þegar viðskipti fóru fram.

Landsvaki hefur átt í ágreiningsmálunum við Slitastjórn Landsbankans vegna eigna í Mezzanine

sjóðum sem gamli bankinn hefur tekið yfir til sín og neitað að afhenda. Landsvaki hf. hefur stefnt Slitastjórn og verður málið tekið fyrir í lok apríl 2011.

Þá hefur þrotabú Björgólfs Guðmundssonar höfðað riftunarmál gegn Landsvaka og hefur greinargerð verð send inn vegna þess. Málið snýst um skuldajöfnun.

# Flutningur sjóða yfir í nýtt rekstrarfélag

Í desember 2010 keypti Eignarhaldsfélag NBI ehf. 51% hlutafjár í Rose Invest hf. sem er rekstrarfélag verðbréfasjóða og því lagalega séð svipað félag og Landsvaki. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki eftirlitsstofnana og niðurstöður áreiðanleikakönnunar. Fjármálaeftirlitið hefur síðan gefið út yfirlýsingu um að Eignarhaldsfélag NBI ehf. sé hæft til þess að eiga virkan eignarhlut í Rose Invest hf. með tilliti til heilbrigðs og traustra reksturs rekstrarfélagsins. Kaupin hafa því náð fram að ganga.

Gert hefur verið ráð fyrir því að starfsemi Landsvaka og rekstur sjóða færist inn í þetta nýja rekstrarfélag sem fær nafnið Landsbréf og verður óháð dótturfélag Eignarhaldsfélags NBI ehf. Undirbúningur þeirra breytinga er nú þegar hafinn og er auðvitað háður að tilskilin leyfi fáist frá eftirlitsaðilum. Í því sambandi er m.a. stefnt að því að yfirfærsla sjóða verði með þeim hætti að starfandi sjóðir Landsvaka verð metnir af óháðum aðilum og síðan seldir á eðlilegu verði frá Landsvaka yfir í nýja rekstrarfélagið.

Við allar þessar breytingar verður lögð rík áhersla á að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina í sjóðum séu tryggðir og að Landsvaki hf. geti staðið við allar sínar skuldbindingar.

Landsvaki hf.

# Ársreikningur 2010

## Efnisyfirlit


**A-hluti** **Bls.**

**Ársreikningur rekstrarfélagsins**

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra........... 3
Áritun óháðs endurskoðanda........................................ 4
Rekstrarreikningur........................................................ 5
Efnahagsreikningur....................................................... 6-7
Sjóðstreymisyfirlit.......................................................... 8
Skýringar ...................................................................... 9-12

**B-hluti** **Bls.**

**Ársreikningur Fjárfestingarsjóða** 25

Rekstrarreikningur......................................... 26
Efnahagsreikningur........................................ 27
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.................. 28
Skýringar ...................................................... 29-33

**B-hluti**

**Ársreikningur Verðbréfasjóða** 13

Rekstrarreikningur............................................................ 14
Efnahagsreikningur........................................................... 15-16
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.................................... 17
Skýringar .......................................................................... 18-24



Landsvaki hf.
Kt. 700594-2549
Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Landsvaki hf. er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og er tilgangur félagsins að annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar í samræmi við starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Ársreikningur Landsvaka hf. skiptist í tvo hluta, A- og B-hluta. A-hluti inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs en B-hluti inniheldur ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða sem voru í rekstri hjá Landsvaka hf. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Er þessi framsetning í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Ársreikningur Landsvaka hf. A-hluti er hluti af samstæðureikningi NBI hf. en ársreikningur Landsvaka B-hluta er ekki hluti af samstæðureikningi NBI hf. vegna eðli starfsemi þeirra sjóða sem Landsvaki rekur.

Í árslok 2010 annaðist Landsvaki hf. rekstur 21 sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, en á árinu voru stofnaðir 2 nýir sjóðir og tveimur sjóðum var slitið. Í árslok nam heildarstærð sjóða í rekstri Landsvaka 53,4 milljörðum króna samanborið við 44,0 milljarða í árslok 2009.

Tap var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 13 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi félagsins. Eigið fé Landsvaka hf. í árslok nam 310 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 83% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum.

Bæði skuldabréfa- og hlutabréfamarkaðir eru enn verulega laskaðir eftir áföll fjármálakreppunnar og mikið vantar enn upp á skilvirkni og dýpt. Þróun þessara markaða hefur mikil áhrif á rekstur sjóða Landsvaka auk þess sem vaxtalækkanir, minnkandi verðbólga og almenn efnahagsþróun hefur áhrif á stöðu félagsins.

Ríkisskuldabréfamarkaðurinn er enn sem komið er virkasti markaðurinn, m.a. vegna aukinnar útgáfu ríkissjóðs, vaxtalækkana og tiltölulegra fárra annarra vænlegra fjárfestingarkosta. Flokkum sem ríkið gefur út hefur fjölgað, þeir hafa stækkað og í dag bjóða rekstrarfélög upp á meira af hreinum ríkisskuldabréfasjóðum. Markaður með sveitarfélagaskuldabréf hefur verið til staðar og gefin hafa verið út skuldabréf á Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög. Erfitt er þó að eiga viðskipti með slík bréf á eftirmarkaði nema þá örfáu flokka sem hafa viðskiptavakt t.d. ein útgáfa hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Markaður með skuldabréf á fjármálastofnanir og fyrirtæki lagðist af við hrunið og hefur nær engin ný útgáfa verið þar .

Landsvaki starfrækir erlenda hlutabréfasjóði sem ekki geta vaxið vegna gjaldeyrishafta. Á innlendum hlutabréfamarkaði hefur fyrirtækjum fækkað mikið þó nú sé farið að örla á hagstæðari þróun. Þróunin á árinu 2010 var sjóðum Landsvaka tiltölulega hagstæð og jukust eignir í stýringu um 23%. Stærð skuldabréfasjóða jókst þannig um 100% og stærð innlendra hlutabréfasjóða jókst um 148%. Útgreiðsla úr sjóðum í slitaferli var einnig töluverð á árinu sem ásamt erfiðri stöðu erlendra hlutabréfasjóða hefur áhrif á heildarmyndina. Markaðshlutdeild félagsins jókst á árinu og ávöxtun sjóða félagsins var einnig vel ásættanleg miðað við hefðbundin viðmið.

Hlutafé Landsvaka nam í árslok 100,1 milljónum króna og er allt í eigu NBI hf. og dótturfélaga NBI hf.

Stjórn og framkvæmdastjóri Landsvaka hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2011

Helga Melkorka Óttarsdóttir

Kristinn Ingi Lárusson

Guðlaug Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri

Ari Skúlason

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsvaka hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsvaka hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn er í tveim hlutum; A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem er fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat því á hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Reykjavík, 24. mars 2011**

***KPMG ehf.***

Helgi F. Arnarson

# Rekstrarreikningur ársins 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Umsýsluþóknun | 1.5 | 463.911 | 668.821 |
| | | 463.911 | 668.821 |
| (Fjármagnsgjöld) fjármagnstekjur | | (89.401) | 50.754 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 374.509 | 719.575 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2 | 97.288 | 139.204 |
| Sértæk niðurfærsla verðbréfa | | 0 | 142.762 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 294.657 | 423.878 |
| | | 391.946 | 705.844 |
| **(Tap) hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir tekjuskatt** | | (17.436) | 13.731 |
| Tekjuskattur | 5 | 3.979 | 25.950 |
| **(Tap) hagnaður ársins** | 3 | (13.457) | 39.681 |



*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

## Eignir

| | Skýr | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Aðrar eignir** | | | |
| Kröfur á sjóði | | 291.294 | 445.515 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 4.777 | 21 |
| Skatteign | | 8.440 | 0 |
| **Aðrar eignir samtals** | | 304.512 | 445.536 |
| Handbært fé | | 326.073 | 792.205 |
| **Eignir samtals** | | 630.584 | 1.237.741 |



*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 3 | | |
| Hlutafé | | 100.100 | 100.100 |
| Yfirverð | | 191.700 | 191.700 |
| Óráðstafað eigið fé | | 17.949 | 31.406 |
| **Eigið fé samtals** | | 309.749 | 323.206 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við tengd félög | | 151.799 | 859.336 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 147.498 | 16.308 |
| Skattar | 5 | 21.539 | 38.891 |
| **Skuldir samtals** | | 320.836 | 914.535 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 630.584 | 1.237.741 |

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| (Tap) hagnaður ársins | 3 | (13.457) | 39.681 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Aðrir liðir | | (3.979) | 142.762 |
| **Veltufé (til) frá rekstrar** | | (17.436) | 182.443 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun) | | 145.004 | (129.825) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) | | (593.699) | (409.777) |
| **Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda** | | (448.696) | (539.602) |
| **Handbært fé til rekstrar** | | (466.132) | (357.159) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Innborgað hlutafé | | 0 | 291.800 |
| **(Lækkun) á handbæru fé** | | (466.132) | (65.359) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 792.205 | 857.564 |
| **Handbært fé í árslok** | | 326.073 | 792.205 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Almennar upplýsingar

Landsvaki hf. er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Ársreikningur Landsvaka hf. skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins, B-hluti nær til Verðbréfasjóða, Fjárfestingarsjóða og Fagfjárfestasjóða Landsvaka hf.

Í lok ársins annaðist Landsvaki hf. rekstur á 21 sjóði. Gengi flestra sjóða er reiknað daglega og geta fjárfestar keypt hluti í sjóðunum og fengið hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eign sinni. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum.

### 1.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn inniheldur A- og B-hluta Landsvaka hf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur um rekstrarfélög Verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum.

### 1.3 Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þessara liða sé gert samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.4 Samstæðureikningur

Ársreikningur Landsvaka hf. A-hluta er hluti af samstæðureikningi NBI hf. Ársreikningur Landsvaka hf. B-hluta er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

### 1.5 Umsýsluþóknanir

Verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir B-hluta Landsvaka hf. greiða A-hluta Landsvaka hf. umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörsluþóknun og umsýslu. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs.

Útvistunarsamningur vegna ýmissar þjónustu er við NBI hf. og gildir hann frá upphafi árs 2009. Sú breyting var gerð miðað við eldri samninga að miða greiðslur Landsvaka hf. við stærð sjóða.

### 1.6 Kröfur á sjóði

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði og eru þær vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta Landsvaka í árslok.

### 1.7 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum að frádreginni skuld við lánastofnanir.

### 1.8 Skattamál

Opinber gjöld ársins hafa verið reiknuð og færð í ársreikninginn.

### 1.9 Tengdir aðlilar

Tengdir aðilar Landsvaka hf. eru móðurfélag þess, NBI hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum þess, stjórn Landsvaka og lykilstjórnendur. Viðskipti við tengda aðila eru við NBI hf. og eru þau í samræmi við þjónustusamning milli NBI hf. og Landsvaka. Endurgjald fyrir selda þjónustu móðurfélags miðast við stærð sjóða.

# Skýringar frh.

## 2. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Laun | 76.620 | 109.710 |
| Launatengd gjöld | 20.668 | 29.494 |
| | 97.288 | 139.204 |

| Starfsmannafjöldi ársins var sem hér segir: | | |
|---|---|---|
| Starfsmenn í árslok | 8 | 9 |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu | 8 | 9 |

Miklar breytingar hafa verið á hópi stjórnenda og stjórnarmanna Landsvaka á síðustu tveimur árum, t.d. hafa þrír gengt starfi framkvæmdastjóra og töluverðar breytingar hafa orðið á stjórn félagsins. Heildarlaun framkvæmdastjóra námu tæpum 14 milljónum á árinu 2010 samanborið við rúmar 12 milljónir á árinu 2009. Þessar tölur innihalda bæði greiðslur vegna uppsagnarfresta og orlofsuppgjörs. Greidd laun til stjórnarmanna Landsvaka hf. námu tæpum 1,5 milljónum króna á árinu 2010 en voru um 1,1 milljónir á árinu 2009.

| Greidd laun og hlunnindi til stjórnenda greinast þannig á árinu 2010: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Framkvæmdastjórar: | | |
| Ari Skúlason, framkvæmdastjóri | 8.406 | 2.937 |
| Björn Þór Guðmundsson | 5.430 | 2.619 |
| Tryggvi Tryggvason | 0 | 6.764 |
| Stjórn Landsvaka: | | |
| Helga Melkorka Óttarsdóttir, stjórnarformaður | 900 | 825 |
| Kristinn Ingi Lárusson | 500 | 0 |
| Heiður Agnes Björnsdóttir | 40 | 0 |
| Ásta Hrönn Maack | 20 | 0 |
| Anna Skúladóttir | 0 | 200 |
| Íris Ægisdóttir | 0 | 40 |
| | 15.296 | 13.385 |

## 3. Eigið fé

### Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins nam í árslok kr. 100,1 milljónum skv. samþykktum félagsins. Allt hlutafé félagsins er útistandandi og fylgir eitt atkvæði hverjum krónuhlut að nafnverði.

### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

| | Hlutafé | Yfirverð | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2009 | 100.000 | 50.000 | (8.276) | 141.724 |
| Innborgað hlutafé | 100 | 141.700 | | 141.800 |
| Hagnaður ársins | | | 39.681 | 39.681 |
| Eigið fé 31.12.2009 | **100.100** | **191.700** | **31.406** | **323.206** |
| Eigið fé 1.1.2010 | 100.100 | 191.700 | 31.406 | 323.206 |
| Tap ársins | | | (13.457) | (13.457) |
| Eigið fé 31.12.2010 | **100.100** | **191.700** | **17.949** | **309.749** |

# Skýringar frh.

## 4. Eiginfjárhlutfall

Eiginfjárhlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 83% en lágmarks eiginfjárhlutfall samkvæmt lögunum er 8,0%.

| Eiginfjárhlutfallið reiknast þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Eiginfjárgrunnur | 301.309 | 323.206 |
| Heildar eiginfjárkrafa greinist á eftirfarandi hátt: | | |
| Útlánaáhætta | 28.903 | 48.318 |
| Markaðsáhætta | 0 | 0 |
| Rekstraráhætta | - | - |
| Eiginfjárkrafa samtals | 28.903 | 48.318 |
| Eiginfjárhlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárhlutfall | 83,4% | 53,5% |

Samkvæmt 2. mgr. 84. greinar laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárgrunni.

## 5. Skattar

| Gjaldfærður tekjuskattur ársins í rekstrarreikningi greinist þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Tekjuskattur til greiðslu | (21.539) | (7.403) |
| Áhrif ábyrgðar vegna samsköttunar | 0 | 32.090 |
| Breyting á tekjuskattsskuldbindingu | 25.518 | 1.263 |
| | 3.979 | 25.950 |

Skattskuldbinding (-eign) greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Skattskuldbinding í upphafi árs | 17.078 | 18.341 |
| Áhrif breytinga á skatthlutfall | (844) | 3.668 |
| Reiknaður skattur ársins | (3.135) | (29.618) |
| Áhrif ábyrgðar vegna samsköttunar | 0 | 32.090 |
| Skattur til greiðslu | (21.539) | (7.403) |
| Skatt- (eign) skuld í árslok | (8.440) | 17.078 |

Skattskuld greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Skattar til greiðslu | 21.539 | 21.813 |
| Tekjuskattskuldbinding | 0 | 17.078 |
| | 21.539 | 38.891 |

## 6. Aðrar upplýsingar

### Eignir í stýringu

Heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í eignastýringu hjá sjóðum Landsvaka hf. var í árslok 53,4 milljarðar króna samanborið við 44,0 milljarða króna í árslok 2009.

### Önnur mál

Landsvaki hf. stóð í töluverðum dómsmálum á árinu 2010, aðallega vegna peningamarkaðssjóða. Niðurstaða allra dómsmála vegna peningamarkaðssjóðanna var Landsvaka hagfelld, en þau voru 37 alls. Fyrst féll dómur í 18 málum í október 2009 þar sem Landsvaki var sýknaður af öllum aðalkröfum stefnenda en dómurinn féllst á hluta af varakröfu. Í desember 2009 féllu samhljóða dómar í 16 málum. Landsvaki áfrýjaði þessum dómum öllum til Hæstaréttar og varð þar endanlega um 19 mál að ræða. Þann 25. nóvember 2010 vísaði Hæstiréttur öllum þessum málum frá héraðsdómi.

Í kringum áramótin féllu síðan þrír dómar vegna peningamarkaðssjóða í héraðsdómi þar sem tveimur málum var vísað frá og Landsvaki sýknaður í einu. Úrskurður héraðsdóms um frávísun í einu þessara mála var síðan kærður til Hæstaréttar sem staðfesti úrskurð héraðsdóms.

## Skýringar frh.

Staða þeirra mála sem voru í gangi um áramót var eftirfarandi:

- Styrktarsjóður hjartveikra barna gegn Landsvaka hf. og Landsbanka Íslands hf. vegna peningamarkaðssjóða. Héraðsdómur vísaði málinu frá. Frávísun málsins frá héraðsdómi var kærð til Hæstaréttar sem hefur síðan staðfest hana.

- Hjartavernd ses gegn Landsvaka hf. vegna peningamarkaðssjóða. Aðalmeðferð fyrir héraðsdómi er áætluð í maí 2011.

- Mál Snæbjarnar Konráðssonar gegn Landsvaka hf. vegna peningamarkaðssjóða. Landsvaki var sýknaður í málinu í byrjun janúar. Dómnum hefur síðan verið áfrýjað til Hæstaréttar.

- Þrotabú Björgólfs Guðmundsson gegn Landsvaka hf. Hér er um riftunarmál að ræða af hálfu þrotabúsins vegna skuldajöfnunar. Gert er ráð fyrir niðurstöðu á fyrri hluta ársins 2011.

- Landsvaki hf gegn fyrrum stjórnarmönnum Íslenskrar afþreyingar hf. Hér er um að ræða bótamál gegn fyrrverandi stjórnarmönnum Íslenskrar afþreyingar fyrir hönd sjóðsins Fyrirtækjabréfa. Stefndu hafa skilað greinargerð til Héraðsdóms Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir fyrstu fyrirtöku málsins á fyrstu mánuðum ársins 2011.

- Landsvaki hf gegn Slitastjórn Landsbanka Íslands hf vegna Mezzaninesjóða félagsins. Í þessu máli krefst Landsvaki skila á þeim greiðslum sem þegar hafa verið greiddar af undirliggjandi eignum í sjóðunum ásamt því að Landsbanki Íslands hf. ræki skyldur sínar áfram samkvæmt rammasamkomulagi og einstökum lánasamningum. Munnlegur málflutningur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur hefur verið ákveðinn í lok apríl í einu máli af fimm. Hin fjögur málin bíða á meðan.

Þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að hefja formlega rannsókn vegna mögulegra ríkisstyrkja vegna kaupa nýju bankanna á skuldabréfum út úr peningamarkaðssjóðum rekstrarfélaga sinna rétt eftir hrun gömlu bankanna. Verði niðurstaðan sú að um ríkisstyrki hafi verið að ræða í sambandi við þessi kaup er ekki hægt að útiloka að Landsvaki verði endurkrafinn vegna þess að styrkurinn hafi runnið til félagsins. Landsvaki hefur formlega mótmælt því að um ríkisstyrki hafi verið að ræða og komið þeirri afstöðu og rökstuðningi á framfæri við ESA.

# Verðbréfasjóðir Landsvaka hf.

## Ársreikningur 2010

# Rekstrarreikningur 2010

| | Skýr. | Markaðsbréf stutt | Markaðsbréf meðallöng | Markaðsbréf löng | Sparibréf stutt | Sparibréf meðallöng | Sparibréf löng | Sparibréf verðtr * | Sparibréf óverðtr * | Reiðubréf ríkistryggð | Landbanki Global Eq. Fund | Landsbanki Nordic 40 | 2010 Samtals | 2009 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | 1.2 | | | | | | | | | | | | | |
| Vextir, verðbætur og gengismunur........................ | | 143.194 | 68.904 | 181.694 | 138.222 | 966.900 | 339.635 | (9.147) | 200.618 | 208.866 | 130.829 | 227.783 | 2.597.498 | 2.956.029 |
| Arður.................................................................... | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10.680 | 24.120 | 34.800 | 47.741 |
| Vaxtagjöld............................................................. | | 0 | 0 | (8) | 0 | 0 | (15) | 0 | 0 | 0 | (323) | (3.449) | (3.795) | (7.287) |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld ) | | 143.194 | 68.904 | 181.686 | 138.222 | 966.900 | 339.620 | (9.147) | 200.618 | 208.866 | 141.186 | 248.454 | 2.628.503 | 2.996.483 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | | | | | | | | |
| Umsýsluþóknun.................................................... | 1.3 | 11.751 | 7.702 | 9.264 | 9.739 | 61.718 | 19.444 | 4.049 | 10.352 | 15.740 | 37.812 | 9.117 | 196.688 | 181.198 |
| Þóknanir og bankakostnaður................................ | | 2.129 | 2.039 | 1.228 | 1.801 | 17.436 | 3.767 | 1.036 | 3.028 | 3.864 | 2.624 | 860 | 39.813 | 45.320 |
| Annar rekstrarkostnaður....................................... | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 274 |
| Rekstrargjöld samtals | | 13.880 | 9.742 | 10.492 | 11.540 | 79.154 | 23.212 | 5.085 | 13.380 | 19.603 | 40.436 | 9.977 | 236.501 | 226.792 |
| **Sértæk niðurfærsla fjárfestinga ..........** | | (14.449) | (73.349) | 33.036 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (54.762) | 37.921 |
| **Hagnaður (tap) ársins færður á hlutdeildarskírteini** | | **143.763** | **132.511** | **138.158** | **126.682** | **887.746** | **316.409** | **(14.233)** | **187.239** | **189.262** | **100.750** | **238.477** | **2.446.764** | **2.731.770** |

* Sparibréf verðtryggð og óverðtryggð voru stofnuð í byrjun maí 2010

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| | Skýr. | Markaðsbréf stutt | Markaðsbréf meðallöng | Markaðsbréf löng | Sparibréf stutt | Sparibréf meðallöng | Sparibréf löng | Sparibréf verðtr * | Sparibréf óverðtr * | Reiðubréf ríkistryggð | Landbanki Glob Eq. Fund | Landsbanki Nordic 40 | 2010 Samtals | 2009 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | | | | | | | | | |
| **Fjárfestingar** | 5,6 | | | | | | | | | | | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum............ | | 1.381.835 | 887.254 | 1.219.698 | 1.759.206 | 9.214.259 | 3.315.594 | 1.606.773 | 2.747.267 | 4.348.437 | 0 | 0 | 26.480.323 | 13.231.989 |
| Hlutabréf.......................................... | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 410.454 | 769.485 | 1.179.938 | 3.186.379 |
| Hlutdeildarskírteini........................... | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.245.493 | 0 | 2.245.493 | 0 |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.......... | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 387.201 |
| Fjárfestingar samtals | | 1.381.835 | 887.254 | 1.219.698 | 1.759.206 | 9.214.259 | 3.315.594 | 1.606.773 | 2.747.267 | 4.348.437 | 2.655.947 | 769.485 | 29.905.754 | 16.805.570 |
| **Aðrar eignir** | | | | | | | | | | | | | | |
| Handbært fé..................................... | | 94.364 | 70.308 | 3.064 | 100.140 | 128.179 | 15.530 | 60.732 | 98.174 | 71.017 | 59.763 | 4.100 | 705.371 | 157.764 |
| Aðrar eignir...................................... | | 2.214 | 136 | 125 | 0 | 4.354 | 1 | 10.395 | 94 | 6.000 | 19.917 | 0 | 43.235 | 4.453 |
| Aðrar eignir samtals | | 96.578 | 70.444 | 3.189 | 100.140 | 132.532 | 15.530 | 71.128 | 98.268 | 77.017 | 79.680 | 4.100 | 748.606 | 162.217 |
| **Eignir samtals** | | **1.478.413** | **957.699** | **1.222.886** | **1.859.345** | **9.346.791** | **3.331.124** | **1.677.900** | **2.845.535** | **4.425.454** | **2.735.627** | **773.585** | **30.654.360** | **16.967.786** |

* Sparibréf verðtryggð og óverðtryggð voru stofnuð í byrjun maí 2010

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| | Skýr. | Markaðsbréf stutt | Markaðsbréf meðallöng | Markaðsbréf löng | Sparibréf stutt | Sparibréf meðallöng | Sparibréf löng | Sparibréf verðtr * | Sparibréf óverðtr * | Reiðubréf ríkistryggð | Landbanki Glob Eq. Fund | Landsbanki Nordic 40 | 2010 Samtals | 2009 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldir** | | | | | | | | | | | | | | |
| **Hlutdeildarskírteini..........** | 3 | 1.475.431 | 956.147 | 1.220.466 | 1.855.885 | 9.328.545 | 3.324.590 | 1.675.150 | 2.841.570 | 4.419.063 | 2.725.758 | 771.276 | 30.593.880 | 16.870.589 |
| **Aðrar skuldir.....................** | 4 | 2.982 | 1.551 | 2.420 | 3.461 | 18.247 | 6.534 | 2.751 | 3.965 | 6.391 | 9.869 | 2.309 | 60.480 | 97.197 |
| **Skuldir samtals** | | **1.478.413** | **957.699** | **1.222.886** | **1.859.345** | **9.346.791** | **3.331.124** | **1.677.900** | **2.845.535** | **4.425.454** | **2.735.627** | **773.585** | **30.654.360** | **16.967.786** |

* Sparibréf verðtryggð og óverðtryggð voru stofnuð í byrjun maí 2010

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2010

| | Skýr. | Markaðsbréf stutt | Markaðsbréf meðallöng | Markaðsbréf löng | Sparibréf stutt | Sparibréf meðallöng | Sparibréf löng | Sparibréf verðtr * | Sparibréf óverðtr * | Reiðubréf ríkistryggð | Landbanki Global Eq. Fund | Landsbanki Nordic 40 | 2010 Samtals | 2009 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | | | | | | | | |
| Hagnaður (tap) færður á hlutdeildarskírteini.......... | | 143.763 | 132.511 | 138.158 | 126.682 | 887.746 | 316.409 | (14.233) | 187.239 | 189.262 | 100.750 | 238.477 | 2.446.764 | 2.731.771 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | | | | | | | | |
| Seld hlutdeildarskírteini........................................ | | 24.273 | 28.119 | 63.832 | 1.908.783 | 4.691.460 | 1.915.921 | 1.707.869 | 3.450.823 | 4.827.210 | 486.668 | 3.161 | 19.108.118 | 6.336.987 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini................................... | | (148.926) | (207.919) | (61.212) | (1.011.258) | (2.085.977) | (330.743) | (18.486) | (796.491) | (2.517.023) | (313.718) | (213.762) | (7.705.517) | (26.837.300) |
| Gjaldeyrisgengisáhrif........................................... | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (126.073) | (126.073) | 46.483 |
| | | (124.653) | (179.801) | 2.620 | 897.525 | 2.605.483 | 1.585.178 | 1.689.383 | 2.654.331 | 2.310.187 | 172.950 | (336.674) | 11.276.528 | (20.453.830) |
| **Hækkun ( lækkun ) á hreinni eign....** | | 19.110 | (47.289) | 140.778 | 1.024.207 | 3.493.229 | 1.901.586 | 1.675.150 | 2.841.570 | 2.499.449 | 273.700 | (98.197) | 13.723.291 | (17.722.058) |
| **Hrein eign í ársbyrjun........................** | | 1.456.321 | 1.003.437 | 1.079.689 | 831.678 | 5.835.316 | 1.423.003 | 0 | 0 | 1.919.614 | 2.452.058 | 869.474 | 16.870.589 | 34.592.647 |
| **Hrein eign í lok árs............................** | | **1.475.431** | **956.147** | **1.220.466** | **1.855.885** | **9.328.545** | **3.324.590** | **1.675.150** | **2.841.570** | **4.419.063** | **2.725.758** | **771.276** | **30.593.880** | **16.870.589** |

* Sparibréf verðtryggð og óverðtryggð voru stofnuð í byrjun maí 2010



*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Landsvaki hf. er dótturfélag NBI hf. og er A-hluti Landsvaka hf. hluti af samstæðu NBI hf. en sjóðir Landsvaka hf. eru ekki hluti af samstæðu NBI hf. sökum eðlis starfsemi sjóðanna. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo að mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað.

### 1.2 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi.

Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna miðað við síðasta skráða kaupgengi í lok desember 2010.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendri mynt er gengið fært yfir í íslenskar krónur í lok ársins. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

# Skýringar frh.

### 1.3 Umsýsluþóknun

Verðbréfasjóðir B-hluta Landsvaka hf. greiða A-hluta Landsvaka hf. umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörsluþóknun og umsýslu. Umsýsluþóknunin reiknast daglega sem fast hlutfall af hreinni eign viðkomandi sjóðs í þeirri mynt sem hann er í. Umsýsluþóknun er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Markaðsbréf stutt................................................. | 0,80% | |
| Markaðsbréf meðallöng ........................................ | 0,80% | |
| Markaðsbréf löng ................................................ | 0,80% | |
| Sparibréf stutt....................................................... | 0,80% | |
| Sparibréf meðallöng.............................................. | 0,80% | |
| Sparibréf löng....................................................... | 0,80% | |
| Sparibréf verðtryggð............................................. | 0,80% | * |
| Sparibréf óverðtryggð........................................... | 0,80% | * |
| Reiðubréf ríkistryggð............................................ | 0,50% | |
| Landsbankinn Global Equity Fund ........................ | 1,50% | |
| Landsbanki Nordic 40.......................................... | 1,10% | |

* Sparibréf verðtryggð og óverðtryggð voru stofnuð í byrjun maí 2010

### 1.4 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Sjóðir sem eru með rekstur í erlendri mynt og starfsrækslugjaldmiðil annan en íslenskar krónur eru birtir í íslenskum krónum í reikningsskilum Landsvaka hf. með því að nota það gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2011. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

# Skýringar frh.

## 1.5 Fjárfestingar

Verðbréf með föstum tekjum sem skráð eru á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok ársins. Virði annarra verðbréfa með föstum tekjum er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni. Sértæk niðurfærsla er færð telji rekstrarfélag þörf á því.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutabréf, hlutdeildarskírteini og aðrir fjármálagerningar með breytilegum tekjum. Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum og virkum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok ársins, þó að teknu tilliti til þess ef markaður er ekki talinn virkur þá er beitt öðrum aðferðum við mat þeirra eigna, samanber hér að ofan. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gilti á markaðnum 31. desember 2010.

Innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum og/eða gengismun miðað við lok ársins.

## 1.6 Aðrar eignir

Aðrar eignir eru óframkomin viðskipti og viðskiptakröfur. Aðrar eignir eru metnar á nafnvirði í lok ársins.

## 1.7 Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru óframkomin viðskipti, viðskiptaskuldir og ógreidd umsýsla. Aðrar skuldir eru metnar á nafnvirði í lok ársins.

## 1.8 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og samskiptareikningi verðbréfaviðskipta að frádreginni skuld við lánastofnanir.

## 1.9 Skattamál

